

## Viðauki við matslíkön og matsaðferðir – leiðbeiningar frá Fjármála- og efnahagsráðuneytið.

Hér fyrir neðan er dæmi úr útboðsgögnum Háskóla Íslands á ferla- og skjalakerfi. Þar sem um er að ræða dæmi úr gögnunum eins og þau voru birt er framsetning gagnanna orðrétt.

### 1.4.2.5 Greinargerð um Innleiðingu, Framtíðarsýn og Samskipti - vægi 13%

Bjóðandi skal skila með tilboði tillögum að því hvernig haga skuli innleiðingu og rekstri Kerfisins, til skamms og til langs tíma, en þó innan samningstíma. Leitað er eftir hugmyndum og tillögum bjóðanda í eftirtalda þrjá undirmatsþætti um:

1. **Innleiðingu** - það er hvernig bjóðandii hyggst taka við og innleiða Kerfið og reka það, meta umfang þjónustunnar, undirbúa og innleiða í samstarfi við kaupanda.
2. **Framtíðarsýn** á rekstri Kerfisins svo og hvernig bjóðandi hyggst hafa frumkvæði að umbótum og breytingum á Kerfinu til þess að auka skilvirkni þess og lækka rekstrarkostnað á samningstíma (e. Roadmap).
3. **Samskipti** en hér er horft til þess hvernig bjóðandi hyggst auka ánægu og upplifun notenda að Kerfinu og hvernig bjóðandi fyrirhugar að hafa fyrirkomulag og frumkvæði að samskiptum við og miðlun upplýsinga um Kerfið til stjórnenda kaupanda.

Sjá nánari umfjöllun um ofangreinda undirmatsþætti og vægi þeirra hér fyrir neðan.

Tillögur bjóðanda hvað ofangreinda þrjá þætti varðar skulu ekki fylla meira en samtals þrjú A4 blöð og að hámarki 1800 orð. Auk þess er bjóðanda heimilt að leggja fram eitt A4 blað, til viðbótar, með grafískri framsetningu á einni eða fleiri af þeim tillögum og hugmyndum sem bjóðandi fjallar um.

Matshópur þriggja aðila sem kaupandi velur munu meta tillögur bjóðenda. Aðilar í matshópinum skulu vera óháðir bjóðendum og er hópurinn sjálfstæður í störfum sínum. Við mat á því í hve miklum mæli hugmyndir og tillögur bjóðanda uppfylla væntingar og þarfir kaupanda munu aðilar matshópsins meta hugmyndir og tillögur bjóðanda um innleiðingu og rekstur Kerfisins og gefa þeim stig sem síðan er breytt í einkunn eða punkta skv. matsþáttum í matslíkani útboðsins.

Við mat á ofangreindum tillögum bjóðanda varðandi Kerfisið nota matsaðilar eftirfarandi skala. Á matsblöðum matshópsins eru eftirfarandi orðgildi notuð til þess að meta hugmyndir/tillögur bjóðenda:

Stig	Orðgildi
0 stig	<u>ÓFULLNÆGJANDI</u> . Lýsing er ófullnægjandi eða verkefninu óviðkomandi
5 stig	<u>GOTT</u> . Lýsing vel nothæf, sýnir góða nálgun gagnvart verkefninu og fullnægir að minnsta kosti 50% af kröfum
10 stig	<u>ÁGÆTT</u> . Lýsing sýnir mjög góða heildræna nálgun gagnvart verkefninu og uppfyllir kröfur

## Sjá nánar Fylgiskjal 5 - 21272 Matsblað

Hér fyrir neðan eru fjallað nánar um hvern þessara þriggja undirmatsþátta. Hverjum undirmatsþætti er skipt niður í nokkur atriði. Aðilar matshópsins fá síðan það verkefni að meta öll atriði sérhvers undirmatsþáttar hvers tilboðs og merkja með stigi (tölugildi) við viðeigandi orðgildi, sbr. hér fyrir ofan.

Til þess að einfalda aðilum matshópsins stigagjöfina gefa þeir sérhverju atriði, stig á skalanum 0 eða 5 eða 10 þar sem 0 er lægsta stig en 10 hæsta stig fyrir sér hvert af atriðum undirmatsþáttanna þriggja sem tilgreindir eru hér fyrir neðan.

Eftir að aðilar matshópsins hafa gefið sérhverju atriði í greinargerðum bjóðenda stig, verða stig hvers atriðis lögð saman, fundið meðaltalsstig hvers atriðis og atriðið síðan reiknað til einkunnar samkvæmt matslíkani útboðsins.

Bjóðendur skulu gera grein fyrir tillögum sínum varðandi öll atriði sérhvers undirmatsþáttanna þriggja sem hér segir:

**Undirmatsþáttur 1** – Innleiðing (Vægi 6%): Með tilboði skal bjóðandi leggja fram ítarlega, áfangaskipta verkáætlun þar sem hann tilgreinir hvernig hann leggur til að nýtt Kerfi verði innleitt samstarfi við kaupanda og núverandi þjónustuveitanda. Fyrir hvern áfanga skal m.a. gera grein fyrir:

1. helstu verkþáttum og hvaða verkefni verða yfirtekin í hverjum áfanga, þ.e. hverju verkþátturinn á að skila, undanförum og tímalengd hvers verkþáttar og hvenær honum er lokið - hámark 3 punktar,
2. ábyrgð og vinnuframlagi kaupanda, verktaka og núverandi þjónustuaðila á einstaka þáttum – hámark 1 punktur,
3. fimm mikilvægustu áhættuþáttum að mati bjóðanda við afhendingu þjónustunnar og lýsa því jafnframt til hvaða mótvægisáðgerða er gripið til þess að minnka áhættunnar af þessum þáttum - hámark 2 punktar.

Matshópur mun meta heildaryfirbragð og trúverðuleika verkáætlunarinnar hvað varðar mönnun, tímasetningar og verkaskiptingu milli aðila.

Vægi þessa undirmatsþáttar er 6%, þ.e. hámarksfjöldi punkta er 6 punktar.

**Undirmatsþáttur 2** – Framtíðarsýn (Vægi 4%): Bjóðandi skal lýsa framtíðarsýn sinni á rekstri Kerfisins, hvernig hann sér Kerfið þróast á samningstíma og hvaða umbætur hann leggur til á innviðum Kerfisins og umhverfi til þess að auka skilvirkni, einfalda rekstur, auka hagkvæmni og lækka rekstrarkostnað á samningstíma. Í þeirri lýsingu skal m.a. fjalla um:

1. rekstur og þróun Kerfisins – hámark 1 punktur,
2. nýjungar og þróun sem nýtast gagnvart stefnu HÍ, sbr. stefna.hi.is – „Notendamiðuð þjónusta og stafræn umbylting stjórnsýslu“ - hámark 2 punktar,
3. öryggi Kerfisins og notenda þess, sbr. stefnu HÍ um upplýsingaöryggi, [https://www.hi.is/haskolinn/upplýsingaoryggisstefna\\_haskola\\_islands](https://www.hi.is/haskolinn/upplýsingaoryggisstefna_haskola_islands) (og Fylgiskjal 6) -hámark 1 punktur.

Matshópurinn mun leggja mat á það hvernig tillögur bjóðanda auka hagkvæmni og hagræðingu verkefnisins til lengri tíma litið.

Vægi þessa undirmatsþáttar er 4%, þ.e. hámarksfjöldi punkta er 4 punktar.

**Undirmatsþáttur 3** – Samskipti, (vægi 3%): Bjóðandi skal lýsa því hvernig hann hyggst auka ánægju og upplifun notenda af Kerfinu og hvernig bjóðandi fyrirhugar að hafa:

1. fyrirkomulag og frumkvæði að samskiptum við og miðlun upplýsinga um reksturinn tilstjórnenda kaupanda - hámark 1 punktur,
2. hvernig bjóðandi hyggst kynna sig og rekstur sinn í upphafi samnings og á samningstíma - hámark 1 punktur,
3. hvernig ánægja notenda og stjórnenda verður reglulega mæld og metin á samningstíma hvernig úrbótum verður háttað með hliðsjón af niðurstöðum matsins – hámark 1 punktur.

Matshópurinn mun leggja mat á það hvernig tillögur bjóðanda stuðla að nákvæmum, snurðulausum og faglegum samskiptum milli kaupanda og seljanda.

Vægi þessa undirmatsþáttar 3%, þ.e. hámarkfjöldi punkta er 3 punktar.

Auk ofangreinds texta fyrir undirmatsþættina skal bjóðandi hafa hliðsjón af öðrum texta útboðslýsingar og jafnframt leita í eigin ranni hugmynda að hverju því sem hann telur að falli að matsþáttum kaupanda hvað þessa þrjá undirmatsþætti varðar, sbr. hér fyrir ofan.

Innsend greinargerð þess bjóðanda sem samið verður við er hluti samnings og skal henni framfylgt í hvívetna við framkvæmd samningsins